

Viðskiptareikningur við ríkissjóð

Hjá stofnunum er viðskiptareikningur við ríkissjóð færður á tegundir 13100 til 13109.

Ákveðnum viðskiptum milli stofnunar og ríkissjóðs er haldið aðgreindum eftir tegundum. Þegar staðan á þessum tegundum er tekin saman myndar hún greiðslustöðu stofnunar við ríkissjóð.

13100 Staða frá fyrra ári

Staða flutt frá árinu áður, inneign eða skuld.

Aðeins bókað hjá FJS

13101 Ríkissjóður, greiddir reikningar

Hér á eingöngu að bóka greiðslur ríkissjóðs á reikningum fyrir stofnanir sem eru í greiðsluþjónustu FJS.

Aðeins bókað hjá FJS.

13102 Ríkissjóður, launakostnaður

Hér færast framlag vegna launaliða.

Eingöngu er um að ræða vélrænar færslur í Oracle úr launakerfinu.

13103 Ríkissjóður, rekstrarfé óskipt

Hér á að bóka móttekið rekstrarfé óskipt frá ríkissjóði. Endurgreiðsla á rekstrarfé til ríkisféhirðis og endurgreitt launaframlag færast einnig á þessa tegund.

13104 Ríkissjóður, millifærslur

Hér á að bóka ýmsan kostnað sem greiddur hefur verið af öðrum en stofnuninni svo sem ráðuneyti og FJS.

Hér skal færa m.a. millifærða húsaleigu, millifærslur vegna launa skv. bréfum launasviðs FJS, ýmis gjöld greidd af ráðuneytum en tilheyra rekstri stofnunarinnar, sérstaka endurgreiðslu á VSK vegna tölvukostnaðar, millifærslur milli stofnana í greiðsluþjónustu FJS, afslátt Ícelandair.

13108 Aðrar rekstrartekjur, innheimtar af ríkissjóði

Innheimtar aðrar rekstrartekjur að öðrum en stofnuninni og skilað af ríkissjóði.

Bætir greiðslustöðu við ríkissjóð.

13109 Framlög ríkissjóðs ár árinu

Hér á eingöngu að bóka framlag ríkissjóðs til fjárlagaliðarins / stofnunarinnar á árinu skv. dreifingu fjárheimilda.

Mótbókunin - tekjufærslan er á tegund 6700 sem uppgjörssvið FJS sér um að gera fyrir alla fjárlagaliði.

Á tegundir 13101 til 13109 á að bóka innan ársins.

Við upphaf næsta árs – í tímabili 00 – er stöðum á tegundunum 13101 til 13109 flutt upp á tegund 13100.

Uppgjörssvið FJS sér um að gera þær færslur.

Ávallt skal vera sama fjárhæð á tegundum 1310X hjá stofnun og ríkissjóði, með sitt hvoru formerkinu.